

10. fundur foreldraráðs Heilsuleikskóla Kærabæjar haldinn á Kærabæ 22. 10. 2019 kl. 20.00.

Mættir voru: Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri, Herdís Huld Guðveigardóttir, María Björg Þorsteinsdóttir, Bjarni Bjarnason og Sólveig Ólafsdóttir sem ritar fundargerð.

Guðrún setur fund og býður fundarmenn velkomna.

1. Foreldraráð
Sett var í embætti foreldraráðs. Sólveig gefur áfram kost á sér sem formann og er það samþykkt. Herdís Huld tekur að sér að vera ritari og Bjarni verður meðstjórnandi.
2. Starfsreglur foreldraráðs
Guðrún fer yfir starfsreglur foreldraráðs. Funda skal í október, febrúar og maí með leikskólastjóra. Guðrún minnir á að senda þurfi fundargerðir til hennar svo hún geti birt þær á vefsíðu leikskólans.
3. Breyting á skóladagatali
Starfsfólk leikskólans stefnir á að fara í námsferð með starfsfólki leikskólans Mánalands í Vík dagana 4.- 11. apríl. Breyta þarf skóladagatalinu þar sem 6.- 8. apríl eru ekki frídagar. Skipulagsdagarnir sem áttur að vera 14. febrúar og 22. maí verða færðir til og nýttir í þessa ferð.
4. Fræðslunefndarfundur
Skoða þarf að breyta opnunartíma leikskólans en ekki eru nægilega margir starfsmenn til að sinna opnun og lokun á báðum deildum á daginn. Hugmynd að fá að loka kl. 16 – 16.30 þar sem fá börn eru á leikskólanum eftir kl.16 á daginn. Guðrún segir að á leikskólann vanti starfsmenn í tvö stöðugildi en eftir áramót verður ekki hægt að taka inn fleiri börn án þess að manna þessar stöður og stefnir því allt í 5-7 börn á biðlista eftir inntöku á leikskólann. Leikskólastjóri mun þá að óska eftir því á næsta fræðslunefndarfundi að bætt verði við 9 stöðugildinu við leikskólann.
Einnig verður óskað eftir breytingu á fyrirkomulagi starfsmannafunda og óskað verður eftir því að þeir fari fram á dagvinnutíma (kl.15.00- 17.00) ekki í yfirvinnu utan opnunartíma. Leikskólinn mun þá láta foreldra vita þegar til stendur að halda starfsmannafund og óska eftir að börnin verði sótt fyrir þann dag. Reiknað er með starfsmannfundi annan hvern mánu

Önnur mál:

Næstu foreldraviðtöl verða með hefðbundnum hætti þar sem ekki er búið að ganga endalega frá rafrænu heilsubókinni.

Foreldrafélagið er með lítinn upplýsinga bækling í vinnslu fyrir foreldra um hlutverk foreldrafélagsins og foreldraráðs. Bæklingurinn verður bæði á íslensku og ensku og ætti að vera tilbúin á næstu vikum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22.00.

Sólveig Ólafsdóttir